

**Nd.**

**224. Frumvarp til laga**

[124. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ingimundarson, Birgir Finnsson.

1. gr.

Á eftir 10. lið 1. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

Umsamdar greiðslur atvinnuveitenda í sjúkra- og styrktarsjóði verkalýðsfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Árið 1961 sömdu nokkur verkalýðsfélög um það við atvinnurekendur að greiða 1% af kaupum verkamanna í sjúkra- og styrktarsjóð félaganna. Síðan hafa flest verkalýðsfélög á landinu samið um og stofnsett sinn sjúkra- og styrktarsjóð á hliðstæðan hátt.

Umsamin framkvæmd innheimtunnar er almennt á þá lund, að vinnuveitandinn heldur eftir 1% af kaupum verkafólks og á síðan að skila því fé í árslok til hlutaðeigandi félags. Á þessu hefur víða orðið misbrestur, svo að til vandræða horfir. Er þess og að gæta, að flest verkalýðsfélög hafa mjög takmarkaða starfskrafta til innheimtustarfa.

Hér er tvímælaust um merkilega tryggingastarfsemi að ræða, sem verkalýðsfélögin eru að byggja upp af eigin rammleik, án íhlutunar ríkis eða sveitarfélaga. Það er því álit flutningsmanna þessa frumvarps, að Alþingi eigi að leitast við að tryggja, að fé það, sem atvinnurekendur halda eftir af vinnulaunum fólks og sjóðnum ber, sé greitt skilvíslega. Flutningsmenn telja, að það verði bezt gert með því að lögbinda lögtaks- og fjárnámsrétt félögunum til handa við innheimtu þeirra gjalda, sem atvinnurekendum ber að standa skil á til sjóðsins samkvæmt gerðum samningum. Má búast við, að sá réttur reynist nokkurt aðhald, báðum aðilum til góðs, en að ekki þurfi oft að beita þessum rétti.

Mörg verkalýðsfélög hafa undanfarið óskað eftir því, að lög sem þessi verði sett, og telja á þeim brýna þörf.